

Tilgangur

Tilgangur skjalastefnu NTÍ er að tryggja kerfisbundna stjórnun skjala NTÍ frá því að skjöl verða til og þar til þeim er eytt eða komið fyrir í varanlegri geymslu. Markmið stefnunnar er að mynda og stjórna ósvikum, áreiðanlegum og nothæfum skjölum sem geta stutt við rekstrætti og starfsemi eins lengi og þeirra er krafist.

Í stefnunni felst að:

Skjalastjórn NTÍ skal uppfylla þær lagalegu kröfur sem gerðar eru til hennar.

Aðferðafræði skjalastjórnunar skal taka mið af kröfum alþjóðlega skjalastjórnunarstaðalsins ISO 15489 Upplýsinga og skjalfesting - skjalastjórn.

Skjöl NTÍ skal stofna, meðhöndla, vista og farga samkvæmt verklagsreglum og vinnulýsingum NTÍ.

Ábyrgð

Forstjóri ber ábyrgð á skjölum NTÍ.

Sviðsstjóri þjónustusviðs ber ábyrgð á aðferðafræði skjalastjórnunar, innleiðingu skjalastefnu, sem og endurskoðun verklagsreglna og vinnulýsinga skjalastjórnunar.

Starfsmönnum NTÍ ber að fylgja skjalastefnunni.

Kópavogur, 10.9.2021

Stjórn NTÍ hefur samþykkt þessa stefnu og styður við framkvæmd hennar.

Stefna þessi var fyrst útgefin í október 2011